

Nefndasvið Alþingis
Selma Hafliðadóttir, ritari atvinnuveganefndar
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. febrúar 2014
Tilvísun: 201402043/

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis frá 10. febrúar sl. þar sem Skipulagsstofnun er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017 sem lögð hefur verið fram á Alþingi (þskj. 468-256.mál).

Stofnunin vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

1. Umhverfismat áætlana

Samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana skal umhverfismeta í samræmi við ákvæði laganna þær skipulags- og framkvæmdaáætlanir og breytingar á þeim sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Í athugasemdum við 4. gr. frumvarps þess er varð að 3. gr. laga nr. 105/2006 eru taldar upp í dæmaskyni áætlanir sem fallið geta undir lögina. Ein af þeim er þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun, sbr. 7. gr. laga nr. 106/1999. (Alþt. 2005-2006, A-deild, þskj. 376, 342. mál)

Í þingsályktunartillögunni felast meðal annars áform um uppbyggingu byggða- og ferðamannavega um hálendið, en slíkar framkvæmdir falla undir lög nr. 106/2000. Það er því afstaða Skipulagsstofnunar að stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017 falli undir lög um umhverfismat áætlana og að áður en hún er endanlega afgreidd skuli því liggja fyrir umhverfisskýrsla þar sem gerð er grein fyrir umhverfisáhrifum áætlunarinnar. Sá sem ber ábyrgð á gerð áætlunar ber ábyrgð á umhverfismati hennar, sbr. 5. gr. laga nr. 105/2006.

2. Tengsl við landsskipulagsstefnu og samræmi byggðaáætlunar við aðrar áætlanir

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. skipulagslaga leggur umhverfis- og auðlindaráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu til tólf ára innan tveggja ára frá alþingiskosningum. Í 2. mgr. 10. gr. er m.a. mælt fyrir um að í landsskipulagsstefnu séu samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun. Í henni skal jafnframt ávallt vera uppfærð stefna um skipulagsmál á miðhálendi Íslands.

Samkvæmt 11. grein skipulagslaga felur umhverfis- og auðlindaráðherra Skipulagsstofnun að vinna tillögu að landsskipulagsstefnu. Í samræmi við þetta hefur ráðherra falið Skipulagsstofnun að vinna tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026. Stofnunin hefur hafið

Þá vinnu og síðar í mánuðinum verður kynnt opinberlega lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu, eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr. laganna. Fyrirhugað er að stofnunin skili tillögu að landsskipulagsstefnu til ráðherra fyrir árslok og að ráðherra leggi fram tillögu til þingsályktunar á Alþingi á vorþingi 2015.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið að fjalla skuli um eftirfarandi viðfangsefni við gerð landsskipulagsstefnu 2015-2026:

1. Skipulag á miðhálandi Íslands
2. Búsetumynstur – dreifing byggðar
3. Skipulag á haf- og strandsvæðum
4. Skipulag landnotkunar í dreifbýli

Í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017 er að finna tillögur sem lúta meðal annars að samgöngumálum á miðhálandinu og svokölluðum brothættum byggðum sem varða beint ofangreind viðfangsefni landsskipulagsstefnu.

Í ljósi þess hve nái tengsl eru og þurfa að vera á milli landsskipulagsstefnu og byggðaáætlunar telur Skipulagsstofnun bagalegt að stofnunin hafi ekki átt þess kost að koma að mótun byggðaáætlunar fyrr en nú þegar fullmótuð tillaga er komin til umfjöllunar á Alþingi.

Vakin er athygli á að landsskipulagsstefna hefur það hlutverk að samþætta áætlanir sem varða landnotkun, auk þess að marka stefnu um skipulagsmál á miðhálandi Íslands. Einnig skal bent á að þar til landsskipulagsstefna hefur verið samþykkt í fyrsta sinn sem þingsályktun frá Alþingi er í gildi Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015. Skoða þarf samræmi tillögu að byggðaáætlun við gildandi svæðisskipulag. Þá hefur samgönguáætlun 2011-2022 að geyma stefnu sem fyrirliggjandi þingsályktunartillaga kann að snerta og jafnvel vera í ósamræmi við.


Einar Jónsson


Ottó Björgvin Óskarsson